

EMBLA VIGFÚSDÓTTIR

Tók þátt í hönnun sjálfvökvandi potts

• heimili

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HÍBÝLI OG VIÐHALD

Tími til kominn að huga að vorverkunum

Sérblað um híbýli og viðhald

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



FRÉTTABLAÐIÐ

22. mars 2010 — 68. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

MÁNUDAGUR

Söguleg tengsl við Kötlu

Ari Trausti segir gosið í Eyjafjallajökli hreint hraungos sem geti breyst færirst það undir jökulhettuna.

ELDGOS 12



Ballskák í gosinu

Þetta er bara helvíti gaman, segir átta ára íbúi í Vestur-Landeyjum um gosið.

ELDGOS 8



700 þúsund ára risi


Vitað er um fjögur gos í Eyjafjallajökli á síðustu 1.400 árum.

ELDGOS 10

Tók fréttunum með ró

Vilborgu Öldu Jónsdóttur bónda var hugsað til búpeningsins þegar hún yfirgaf bæinn sinn.

ELDGOS 4



VEÐRIÐ Í DAG



Stíf norðaustanátt Í dag verður stíf NA-átt, víða 10-15 m/s en hvassara við suðausturströndina. Norðanlands má búast við eljum eða litils háttar snjókomu en SA- og A-lands verður rigning eða slydda.

VEÐUR 4


Kaffirjómi

Frábær út í kaffið og til matargerðar.



Geymslupólin mjólkurvara

ms.is



Gos á svæðinu hafa verið misstór. Hamfaraflóð hafa fylgt þeim stærstu.



Jarðeldur milli jökla

Eldgos braust út á milli Eyjafjallajökuls og Mýrdalsjökuls skömmu fyrir miðnætti á laugardagskvöldið. Hundruð manna yfirgáfu heimili sín. Litlar breytingar höfðu orðið á gossprungunni í gærkvöldi. Lítið hraun hafði runnið úr henni.

NÁTTÚRUHAMFARIR Um 300 metra gossprunga sem opnaðist á Fimmvörðuhálsi aðfaranótt sunnudags hafði þrengst heldur þegar jarðvísindamenn flugu yfir gossvæðið í gærkvöldi. Gosið var þó enn í fullum gangi og strókarnir stóðu vel á annað hundrað metra upp í loftið.

Átján strókar stóðu upp úr sprungunni þegar fyrst var flogið yfir hana aðfaranótt sunnudags, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands. Þá stóðu sex stærri strókar upp úr sprungunni, þeir náðu 150 til 160 metra hæð.

Fremur lítið hraun hefur runnið úr sprungunni. Í gærkvöldi þakti nýtt hraun um hálfan ferkílómetra, og hafði mest runnið um einn kílómetra frá sprungunni, segir Magnús Tumi.

Hann segir að því lengur sem

Það er ómögulegt að spá fyrir um gos í Kötlu, en auðvitað er rétt að hafa augun hjá sér.

MAGNÚS TUMI GUÐMUNDSSON
JARÐEÐLISFRÆÐINGUR

gosið haldist lítið breytt því minni líkur séu á að gosvirknin færirst undir Eyjafjallajökul. Gerist það megi búast við flóðum í kjölfarið. Hættuástandi var lýst yfir um leið og staðfest var að gos væri hafið. Rúmlega 500 manns var gert að yfirgefa heimili sín. Bændur fengu að fara inn á svæðið í gærmorgun til að sinna skepnum, og í gærkvöldi var tekin ákvörðun um að ábúendur á fjórtán bæjum skyldu dvelja annars staðar í nótt.

Freysteinn Sigmundsson

jarðeðlisfræðingur segir nokkra óvissu um framhaldið. Gosið sé hluti af stærri atburðarás og meðal annars hafi komið umfangsmikið kvikuinnskot undir Eyjafjallajökli síðustu vikur og mánuði. Þá séu nokkuð óhefðbundin tengsl milli skjálftavirkni og gosvirkni.

„Það er rétt að vakta svæðið áfram. Ég tel líklegast að ef gosið heldur áfram verði það á sama stað og það kom upp en það er ekki hægt að fullyrða það.“

Magnús Tumi segir gosið fremur lítið, og það merkilegasta við það sé sennilega hversu vel öll viðbrögð í kjölfarið hafi gengið.

Hann segir að þrisvar á undanförnum 1.100 árum hafi gos í Kötlu fylgt í kjölfar gosa í Eyjafjallajökli. „Það er ómögulegt að spá fyrir um gos í Kötlu, en auðvitað er rétt að hafa augun hjá sér.“

- bj, kóp, bs / sjá síður 4, 6, 8 og 10

Upp úr viðræðum slitnaði:

Verkfall flugvirkja hafið

KJARAMÁL Útlit var fyrir að allt flug Íslendinga myndi stöðvast klukkan eitt í nótt vegna verkfalls flugvirkja, þegar Fréttablaðið fór í prentun á ellefta tímanum.

Samningafundi í kjaradeilunni var slitið í gærkvöldi. Flugvirkjar höfnuðu tillögu sáttasemjara um lausn á deilunni, að sögn Guðjóns Arngrímssonar hjá Íslendinga. - þeb



Uppskriftn fyrir sauma-klúbbinn er á gottimatinn.is

ÁTT ÞÚ ÞÉR
LEYNDARMÁL?

FRUMÚTGÁFA
í kilju

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.fortlagid.is

Góða
nótt,
yndið
mitt

EFTIR HÖFUND
METSÖLUBÓKARINNAR
DÓTTIR HENNA,
DÓTTIR MÍN



Pórður, þarf ekki að setja kvóta á þjóðaratkvæðagreiðslur?

„Spyrjum þjóðina.“

Pórður Már Jónsson er formaður Þjóðar-eignar, samtaka um auðlindir í almanna-þágu. Meirihluti landsmanna vill kjósa um framtíð kvótakerfisins, samkvæmt könnun Fréttablaðsins.

Bókmenntaverðlaun kvenna: Fjöruverðlaun í fjórða skipti

MENNING Fjórir rithöfundar fengu Fjöruverðlaunin í gær, en þau eru bókmenntaverðlaun kvenna.



MARGRÉT ÖRNÓLFSDÓTTIR

Þetta er í fjórða skipti sem verðlaunin eru veitt. Ingunn Snædal fékk verðlaun í flokki fræðirita fyrir ljóðabókina Komin til að vera, nóttin. Í flokki fræðirita hlaut Þórdís Elva Þorvaldsdóttir verðlaun fyrir Á mannamáli. Þá hlutu tvær bækur verðlaun í flokki barna- og unglingabóka; Arngrímur apaskott og fiðlan eftir Kristínu Arngrímsdóttur og Aþena (ekki höfuðborgin í Grikklandi) eftir Margréti Örnólfsdóttur.

- kóp

Ísland í öðrum flokki: Fjórtándu í nýsköpunarvirkni

ATVINNUMÁL Ísland er í 14. sæti af 33 Evrópulöndum í nýrri mælingu Evrópusambandsins á nýsköpunarvirkni þjóða. Ísland fellur í flokk fylgipjóða (e. innovation followers), ásamt Austurríki, Belgíu, Kýpur, Eistlandi, Frakklandi, Írlandi, Lúxemborg, Slóveníu og Hollandi.

Sá flokkur er talinn standa úrvalsþjóðunum (e. innovation leaders) að baki en er þó að jafnaði ofan við eða nálægt meðaltali Evrópusambandslandanna, að því er segir í tilkynningu frá Rannís.

- sh

17 milljónir hafa safnast: Mottumeistari valinn í beinni

SÖFNUN Þegar hafa safnast rúmlega 17 milljónir króna í mottukeppninni, sem er hluti af söfnunarátakinu Karlmann og krabbamein. Úrslitin í mottukeppninni verða ljós í beinni útsendingu söfnunarþáttar á Stöð 2 næstkomandi föstudag.

Yfir 2.200 menn hafa skráð sig til leiks og 430 lið. Valinn verður sigurvegari í einstaklingskeppninni, sá sem safnar mestum áheutum, á föstudag milli fimm efstu keppendanna klukkan 17 á fimmtudag, þegar söfnuninni verður lokað, að því er fram kemur í tilkynningu frá söfnuninni.

- bj

NORÐURLÖND

Funda í Kaupmannahöfn

Claus Hjort Frederiksen, fjármálaráðherra Danmerkur, er gestgjafi á fyrsta fundi norrænu fjármálaráðherranna á formennskutíma Dana í Norrænu ráðherranefndinni árið 2010. Fundurinn hefst í dag. Ráðherrar frá Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Íslandi og Noregi sitja fundinn, auk staðgengla frá Álandseyjum, Færeyjum og Grænlandi.

Benedikt sextándi páfi sendi fórnarlömbum misnotkunar bréf um helgina:

Baðst afsökunar á misnotkun

VATÍKANID, AP Benedikt sextándi páfi baðst afsökunar á kynferðisbrotum innan kaþólsku kirkjunnar á Írlandi á laugardag. Það gerði hann í bréfi sem var lesið upp í messum um allt landið.

Páfinn minntist ekki á uppljóstranir um kynferðislega misnotkun innan kirkjunnar í öðrum Evrópulöndum. Hann hefur sjálfur verið sakaður um að hafa hylmt yfir kynferðisbrot þegar hann var erkibiskup í Þýskalandi. Yfir þrjú hundruð kynferðisbrotamál innan kirkjunnar þar í landi hafa komið upp á yfirborðið á þessu ári, meðal

annars í kaþólskum kór sem bróðir páfans stjórnaði lengi.

Talsmenn fórnarlambanna á Írlandi hafa gagnrýnt páfa fyrir að grípa ekki til refsinga gagnvart kynferðisbrotamönnum. Hann hefur einnig verið gagnrýndur fyrir að minnast ekki á ábyrgð Vatíkansins í málinu. Í vikulegri ræðu sinni í gær vék páfinn að fyrirgefningunni og bað fólk um að dæma ekki þá sem hafi syndgað.

- þeb

BENEDIKT PÁFI Páfinn baðst afsökunar á misnotkun innan kaþólsku kirkjunnar á Írlandi en minntist ekki á önnur lönd.



Sólarkísilverksmiðja enn á teikniborðinu

Kanadískt fyrirtæki sem vill reisa sólarkísilverksmiðju við Þorlákshöfn hefur hætt þróunarvinnu. Erlendir fjölmiðlar segja forsvarsmenn fyrirtækisins hafa logið að fjárfestum. Setur ekki skarð í áætlanir hér, segir framkvæmdastjórinn.

NÝSKÖPUN Kanadíska fyrirtækið Timminco Limited hefur hætt framleiðslu á sólarkísilflögum tímabundið og mun blása lífi í hana þegar eftirspurn eykst.

„Við eigum miklar birgðir,“ segir John Fenger, framkvæmdastjóri Timminco, í samtali við Fréttablaðið. Tíminn verði notaður til að auka gæði afurða fyrirtækisins. Aðgerðin muni ekki setja skarð í áætlanir enda um aðeins hluta af heildarumfangi Timminco að ræða, að hans sögn.

Timminco vinnur með nýsköpunarfyrirtækinu Stokki Energy að byggingu kísilmálm- og sólarkísilverksmiðju, sem áformað er að reisa rétt vestan við Þorlákshöfn í Ölfusi. Fyrir mánuði undirrituðu þau samning við Orkuveitu Reykjavíkur um orkusölu til verksmiðjunnar til tuttugu ára. Öll orkan á að koma frá Hverahlíðarvirkjun.

Framkvæmdir við verksmiðjuna eru ekki komnar langt á veg en lóð hefur verið tekin frá fyrir hana í Ölfusi, að sögn Ólafs Áka Ragnarssonar bæjarstjóra. Sveitarfélagið hefur ekki lagt fé í verkefnið. Fundað verður um framkvæmdir henni tengdri á mánudag. Hann bætir við að engar breytingar hafi verið gerðar á áætlunum. Undir það tekur Eyþór Arnalds, framkvæmdastjóri Stokks Energy.

Samkvæmt uppgjöri Timminco sem birt var í vikunni tapaði fyrirtækið 69,4 milljónum kanadískra dala, jafnvirði rúmra 8,7 milljarða íslenskra króna, á fjórða ársfjórðungi í fyrra. Verð hlutabréfa í fyrirtækinu hefur lækkað mikið.

Fréttablaðið sagði frá því fyrir mánuði að neikvæð þróun fyrirtækisins gæti haft áhrif á rekstrarhæfi þess. Erlendir fjármálasérfræðingar hafa verið á sama máli í vikunni. Fyrirtækið lokaði einu



ÞORLÁKSHÖFN Tímabundnar aðgerðir kanadíska fyrirtækisins Timminco setja ekki skarð í áætlanir um byggingu sólarkísilverksmiðju í Ölfusinu sem á að ræsa eftir fimm ár, segja forsvarsmenn verkefnisins.

FJÁRFESTAR TELJA SIG BLEKKTA

Timminco var stofnað fyrir sjötíu árum og var nokkuð hefðbundið málmíðnaðarfyrirtæki fram til 2006 þegar það tilkynnti að það hefði þróað tækni til að framleiða sólarkísilvörur með ódýrari hætti en áður þekktist. Gengi hlutabréfa í Timminco hafði um sama leyti legið rétt undir þrjátíu kanadískum sentum á hlut. Það tók snarpan kipp upp á við og fór hæst í tæpa 35 dali um mitt ár 2008. Þetta jafngildir hundraðfaldri hækkun. Nú tæpum

verksmiðju sinni í maí í fyrra og sagði upp hluta starfsfólks. Þar eru þrír ofnar til kísilmálmframleiðslu sem geta framleitt 45-50 þúsund tonn af kísilmálm á ári. Framleiðsla hófst þar að nýju í fyrrahaust.

tveimur árum síðar er það komið í um einn dal á ný.

Fjárfestar segja forsvarsmenn Timminco hafa lagt fram fegraðar viðskiptaáætlanir og talað gengi fyrirtækisins upp í hæstu hæðir. Þeir hafa nú höfðað mál gegn fyrirtækinu.

John Fenger segist hafa skilning á því að fjárfestar séu sárir eftir að hafa tapað háum fjárhæðum á viðskiptum með bréfin. Málaferli sem þessi séu algeng vestanhafs. „Við erum tryggðir fyrir þessu,“ segir hann.

John, sem tók við starfi framkvæmdastjóra í byrjun síðasta árs, segir tapið í fyrra tilkomið vegna nauðsynlegra afskrifta, svo sem á fastafjármunum og birgðum. „Að öðru leyti erum við á lygnum sjó,“ segir hann.

jonab@frettabladid.is

Griðóthrun á Eskifirði:

Sex ára drengur slasaðist

SLYS Sex ára gamall drengur slasaðist talsvert á höfði þegar grjót féll á hann á Eskifirði á laugardag. Hann er á batavegi.

Drengurinn var að leik við Grjótá þegar grjótið féll á hann. Við það datt hann í ána. Fólk í nágrenninu sá atvikið og kom drengnum til hjálpar.

Hann var fluttur á sjúkrahúsið í Neskaupstað og þaðan til Reykjavíkur til nánari skoðunar. Hann verður líklega útskrifaður af Landspítalanum í dag.

- þeb

Óvissa í Írak eftir kosningar:

Forsetinn vill að talið sé á ný

ÍRAK, AP Jalal Talabani, forseti Íraks, krafðist þess í gær að atkvæði yrðu talin á ný, en kosið var til þings í Írak 7. mars. Talmingu atkvæða er ekki lokið og hefur ríkt pólitísk óvissa í landinu frá kosningum.



JALAL TALABANI

Talabani sagði á heimasíðu sinni að telja þyrfti allt á ný til að „eyða öllum efa og miskilningi“. Hann sagðist setja kröfuna fram sem forseti ríkisins og sem slíkur væri það hans hlutverk að vernda stjórnarskrána. Krafa forsetans kemur í kjölfar yfirlýsingar helsta keppinautar hans, forsætisráðherrann Nouri al-Maliki, sem lýsti sig, á laugardag, hlynntan endurtalningu.

- kóp

Kosningar í Frakklandi:

Flokkur Sarkozy tapaði

FRAKKLAND, AP Hægriflokkur Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta tapaði í sveitarstjórnarkosningum um helgina.

Þegar um 80 prósent atkvæða höfðu verið talin í gærkvöldi hafði bandalag undir forystu Sósíalista-flokksins hlotið rúm 53 prósent atkvæða á landsvísu. Flokkur forsetans, UMP, og bandalag hans höfðu fengið rúm 35 prósent. Franski þjóðarflokkurinn hafði fengið 10 prósent atkvæða.

Forsætisráðherrann Francois Fillon viðurkenndi ósigur UMP og sagðist ætla að ræða stöðuna við forsetann í dag.

- þeb



NICOLAS SARKOZY

Skálmöld í Afganistan:

Prettán féllu á sunnudaginn

AFGANISTAN, AP Prettán óbreyttir borgarar féllu á sunnudag í Helmand-héraði í Afganistan. Tíu féllu og sjö særðust í sjálfsmorðsárás í borginni Gereshk. Árásin var gerð í næsta nágrenni við afganska hersveit. Þá féllu tveir þegar vegasprengja sprakk og eldri maður var skotinn til bana af afgönskum og erlendum hermönnum.

Leynilegar víðræður hafa átt sér stað á milli talibana og afganskra stjórnvalda, með þátttöku alþjóðasamfélagsins. Á sama tíma hefur hermönnum Bandaríkjamanna og Nató fjölgað gríðarlega í landinu.

- kóp



STOLTENBERG Jóhanna Sigurðardóttir ræddi nýverið við Jens Stoltenberg um fjármögnun á Íslandi þrátt fyrir að ekki hafi samist um Icesave.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hverju það sætir og hvort það tengist þeirri staðreynd að nú situr starfsstjórn í landinu.

- kóp



Aðeins
í dag!

Tilboð!

Verð frá:

9.900 kr.*

Rödd skynseminnar hér.
Það er nauðsynlegt að vera á
tánum þegar góð tilboð detta inn...



Í dag býður Iceland Express fjölda flugsæta til
Evrópu á frábæru tilboðsverði, frá **9.900 kr.**,
aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.*

Bókunartímabil: Frá kl. 12:00 á hádegi til kl. 23:59, 22. mars

Ferðatímabil: 23. mars – 31. maí 2010

Áfangastaðir: London Stansted, London Gatwick, Kaupmannahöfn,
Berlín og Varsjá

Pú bókar á www.icelandexpress.is

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar
og valin flug. Athugið að flugvallarskattar geta verið mismunandi eftir áfangastöðum.

Iceland Express

með ánægju



Eldgos á Fimmvörðuhálsi



HROSSUNUM GEFID Vilborg segir verst að hafa þurft að skilja skepnurnar eftir en hún slepti tveimur merum lausum áður en hún fór.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Var illa við að skilja dýrin eftir á bænum

Vilborgu Öldu Jónsdóttur, bónda á Hvítanesi, var hugsað til búpeningsins þegar hún yfirgaf bæinn ásamt foreldrum sínum. Hún segir heimilisfólk hafa tekið fréttunum með ró en móðir hennar hafi pakkað niður ansi miklum farangri.

„Auðvitað bregður manni fyrst en við urðum strax rórri þegar okkur var tjáð að þetta væri lítið gos,“ segir Vilborg Alda Jónsdóttir, bóndi í Hvítanesi í Vestur-Landeyjum, þegar henni var tilkynnt að byrjað væri að gjósa.

Vilborg fékk símtal fljótlega eftir miðnætti á laugardagskvöld og var sagt að hún þyrfti að yfirgefa heimilið ásamt foreldrum sínum. Þau fengu gistingu hjá systur Vilborgar á Hvolsvelli.

„Það kom sér vel að hún er í fríi á Kanarí. Við vorum fljót að taka okkur til en mamma tók að vísu ansi mikinn farangur með sér,“ segir Vilborg. Kindur, kýr og hestar eru á bænum og segir Vilborg að verst hafi verið að skilja skepnurnar eftir. „Mér var hugsað til dýranna áður en ég fór.



Hrossin ganga flest laus, fyrir utan tvær merar sem voru inni í hesthúsi og ég sleppti lausum. Ég man að ég hugsaði með mér: Þetta er Eyjafjallajökull. Annaðhvort verður allt í lagi eða þetta fer illa. Sem betur fer fór allt vel í þetta sinn og dýrin voru öll róleg.“

Vilborg fékk að fara heim í gær til að huga að skepnunum og var að gefa hestunum þegar Fréttablaðið bar að garði. Hún hafði þá ekki fengið að vita hvort hún mætti sofa heima hjá sér í nótt. Hún kvaðst mundu fara heim ef það yrði heimilað en foreldrar hennar myndu gista heima hjá systur hennar að minnsta kosti eina nótt í viðbót.

Þrátt fyrir afleitt skyggni sást bjarminn frá gosinu vel frá Hvítanesi aðfaranótt sunnudags. Vilborg segir þó ekki íþyngjandi tilhugsun að búa í grennd við virka eldstöð. „Þetta venst; ef það væri ekki þetta þá eitthvað annað. En nú hlýtur Katla að fara að rumska; það held ég að hljóti að vera.“

bergsteinn@frettabladid.is

Guðmundur Antonsson á Glæsisstöðum: Við vildum bara vera heima

Guðmundi Antonssyni, bónda á Glæsisvöllum í Vestur-Landeyjum, fannst ekki þörf á að yfirgefa býlið þrátt fyrir gosið. Hann lét þó til leiðast þegar leið á nóttina og fylgdi lögreglumönnum á Hvolsvöll.

„Jú, við fórum í nótt og gistum á Hvolsvelli. Síðan fórum við í morgun og sinntum búverkum.“ Guðmundur býr ásamt þremur bræðrum sínum að Glæsisstöðum. Hann er fæddur árið 1928 og verður 81 árs í desember. Bræðurnir töldu ekki mikla hættu á ferðum og töldu sig örugga heima við.

„Þetta er nú ósköp meinleysislegt enþá, en þetta eru varúðarráðstafanir. En okkur fannst þetta óþarfi og við hefðum bara viljað vera heima. Það var engin hættu, við töldum það ekki.“

Guðmundur var staddur að Glæsisstöðum þegar Fréttablaðið náði tali af honum og ætlaði að kasta sér aðeins eftir erilsama nótt. „Við komum í morgunsárið til að sinna búverkum. Allir bændur fengu leyfi til þess. Í dag [gær] verður ákveðið hvort eitthvað verður rýmkað til með þetta.“

- kóp



GLÆSISTADIR Bræðurnir voru mættir til búverka í morgun og vonuðust til þess að þurfa ekki að yfirgefa heimilið á ný.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Saeco kaffivélar

– mest seldu sjálfvirku kaffivélar á Íslandi um árabil

Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir
veður-
fréttamaður

VINDASAMT Í dag og á morgun má búast við strekkingi og allhvössum vindi víðast hvar. Á miðvikudaginn lægir og vindur snýst í suðlægari áttir en áfram verður stíf norðaustanátt á Vestfjörðum. Það verður heldur vætusamt og hiti breytist lítið.

Á MORGUN 12-20 m/s, hvassast á Vestfjörðum.

MIÐVIKUDAGUR Viða hæg suðlæg átt en hvöss NA-átt NV-til.

HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	12°
Berlín	13°
Billund	8°
Frankfurt	15°
Friedrichshafen	18°
Gautaborg	7°
Kaupmannahöfn	7°
Las Palmas	21°
London	12°
Mallorca	18°
New York	17°
Orlando	22°
Ósló	1°
París	15°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	1°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



BARNATRYGGING SJÓVÁ

- fyrir það verðmætasta sem við eigum

Barnatrygging Sjóvá er sniðin að hagsmunum barna og fjölskyldna þeirra. Barnatrygging er í senn sjúkdóma-, örorku- og slysatrygging fyrir barnið auk þess sem hún bætir fjölskyldunni upp tekjumissi og ófyrirséðan kostnað vegna veikinda. Barnatrygging er fyrir börn á aldrinum sex mánaða til átján ára.

Fáðu nánari upplýsingar um Barnatryggingu í útibúum og hjá umboðsmönnum Sjóvá um allt land og á sjova.is.

SJÓVÁ

Eldgos á Fimmvörðuhálsi

Yfir fjörutíu sjálfboðaliðar Rauða krossins á vettvangi:

Um 130 manns gistu í hjálparstöðvum

Um 130 manns gistu í fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins á Hvolsvelli, Hellu og í Vík í Mýrdal aðfaranótt sunnudags.

Hjálparstöðvarnar voru opnaðar í skólum í bæjunum innan við klukkustund eftir að rýming á svæðinu

hófst. Þeim var lokað um miðjan dag í gær. Íbúum sem ekki mega enn snúa til síns heima var útveguð gisting annars staðar. Yfir fjörutíu sjálfboðaliðar og starfsmenn Rauða krossins voru í hjálparstöðvunum þangað til þeim var lokað.



VÍKURSKÓLI Um áttatíu manns gistu í hjálparstöðinni í Vík aðfaranótt sunnudags. Þar var fólkinu boðið upp á súpu í hádeginu í gær.

MYND/HARPA JÓNSDÓTTIR



UNDIRBÚA KOMUNA Starfsmenn Rauða kross Íslands voru í óðaönn að undirbúa fjöldahjálparstöðvar aðfaranótt sunnudags. Um 130 manns gistu í stöðvunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Aðgerðirnar gengu eins og vel smurð vél

Eldgosið í nágrenni Eyjafjallajökuls kom á besta mögulega stað. Allar aðgerðir í kjölfar gossins gengu vel. Var mjög góð æfing fyrir neyðarkerfið. Rýmingu húsa á ætluðu hættusvæði var lokið á innan við þremur klukkustundum.

FRÉTTASKÝRING

Hvaða áætlun er gangsett þegar eldgos hefst, og hvernig tókst til í þetta skipti?

Sérfræðingar á Veðurstofu Íslands fylgjast alla jafna með náttúruhamförum og hafa það hlutverk að láta almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra vita verði hamfarir.

Strax klukkan 22.30 á laugardagskvöld jukust jarðhræringar undir Eyjafjallajökli, en það var ekki fyrir en sjónarvottar höfðu samband við Veðurstofuna á tölfta tímanum að ljóst var að eldgos væri hafið í eða undir Eyjafjallajökli, segir Sigurlaug Hjaltadóttir, jarðeðlisfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Strax í kjölfarið var samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð virkjuð. Unnið er eftir fyrirfram ákveðinni viðbragðsáætlun, og ákveðið var þegar að rýma þá bæi í nágrenni jökulsins sem gætu verið í hættu. Viðbragðsáætlunin gerir einnig ráð fyrir því að flugvélum sé haldið frá svæðinu, og var það gert í kjölfarið.


Starfsmenn Neyðarlínunnar hafa það hlutverk að láta íbúa á hættusvæðinu vita. Það gerðu þeir bæði með því að senda viðkomandi sms og hringja á alla bæi á svæðinu til að láta fólk vita að það ætti að rýma hús sín án tafar. Rýmingu á svæðinu var lokið á um tveimur klukkustundum.

Um fimm hundruð manns var gert að yfirgefa heimili sín. Rauði kross Íslands gangsetti þegar fjöldahjálparstöðvar á Hvolsvelli, Hellu og í Vík. Þangað komu allir sem þurftu að yfirgefa heimili sín til að skrá sig svo björgunarfólk gæti gengið úr skugga um að allir væru komnir af hættusvæðinu, segir Sólveig Ólafsdóttir, sviðsstjóri útbreiðslusviðs hjá Rauða krossi Íslands. Um 130 manns leituðu í hjálparstöðvarnar.

Það er samdóma álit allra sem Fréttablaðið ræddi við í gær að aðgerðir hafi gengið ótrúlega vel, þeir sem að þeim hafi komið hafi unnið saman eins og vel smurð vél. Ekki spillti fyrir að

Atburðarás á gosdegi

- 22.30** Aukinn órói mælist á jarðskjálftamælum Veðurstofu Íslands.
- 23.30** Veðurstofan fær upplýsingar frá sjónarvottum um að gos sé hafið og lætur lögreglu og almannavarnir vita.
- 00.20** Samhæfingarstöð almannavarna í Skógarhlíð er virkjuð og viðbragðsaðilar kallaðir á vettvang. Ákveðið að rýma samkvæmt áætlun vegna eldgoss í Eyjafjallajökli og stöðva flugumferð um flugvelli innan 120 sjómílna (220 kílómetra) frá gosinu. Flugvélum er beint frá svæðinu. Hjálparsími Rauða krossins, 1717, er mannaður til að taka á móti símtölum frá aðstandendum.
- 00.30** Starfsmenn Neyðarlínunnar senda fólki á svæðinu sms-skilaboð og hringja í það.
- 00.45** Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins opnaðar á Hellu, Hvolsvelli og í Vík.
- 00.56** Aðgerðastjórn umdæmisins kemur saman á Hellu. Rýming hefst í Fljótshlíð. Þjóðveg 1 er lokað undir Eyjafjallajökli.
- 01.00** Jarðeðlisfræðingar á Veðurstofu Íslands staðfesta með sínum mælitækjum að gos sé hafið.
- 01.40** Þýrta Landhelgisgæslunnar, TF-LÍF, fer í loftið með vísindamenn og varðskipi er beint á svæðið.
- 03.00** Flugvél Landhelgisgæslunnar, TF-SIF, fer í loftið með vísindamenn.
- 03.12** Rýmingu bæja á hættusvæði lýkur.
- 07.30** Bændum hleypt inn á lokuð svæði til að sinna búpeningi.
- 15.45** Þjóðvegur 1 er opnaður fyrir umferð á ný.
- 16.45** Fjöldahjálparstöðvum Rauða krossins á Hvolsvelli, Hellu og í Vík lokað.



ELDGOS Gosið sást vel frá jörðu. Þessi mynd var tekin klukkan sjö um morguninn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

viðbúnaðarstigi hafði verið lýst yfir vegna skjálftavirkni á svæðinu undanfarið, og allir sem komu að aðgerðum því undirbúnir.

Sólveig segir alla meðvitaða um að eldgosið hafi hingað til verið eins og best hafi verið á kosið. „Ef eitthvað verður stærra síðar

erum við þarna búin að fá mjög góða æfingu á því hvernig neyðarkerfið okkar virkar, og það virkaði mjög vel,“ segir Sólveig.

Hún segir alltaf einhverja hnökra koma upp í svo stórum aðgerðum. Í framhaldinu verði bætt úr því, til dæmis með því að gera skráningarblöð fyrir þá sem þurftu að rýma heimili sín betur úr garði.

Í æfingum hefur gengið erfiðlega að fá fólk sem rýma þurfti hús sín til að koma í fjöldahjálparstöðvarnar og skrá sig, en Sólveig segir að nú hafi allir sýnt því skilning að nauðsynlegt væri að skrá alla.

Allir sem rætt var við í gær voru sammála um að öll fjarskipti hefðu gengið mjög vel í gær. Tetra-kerfið sem Neyðarlínan, lögregla og björgunarsveitir nota virkaði á öllu svæðinu sem björgunarmenn fóru um í gær. **brjann@frettabladid.is**



N1 Deildin
2009 - 2010



KARLAR
Mánudagur

Framhúsið	Fram - Haukar	19:30
Vodafone höll	Valur - HK	19:30
Kaplakriki	FH - Stjarnan	19:30



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is

OFT ER AUGLÝST EFTIR
BÓKARA!

**Grunnnám í bókhaldi**

Markmið námskeiðsins er að þjálfa fólk til starfa við bókhaldsstörf. Námið er byggt upp á kennslu í verslunarreikningi (24 st.), bókhaldi (36 st.) og tölvubókhaldi (48 st.). Allar námsgreinar eru kenndar frá grunni. Nemendur þurfa að vera orðnir 18 ára og hafa grunnþekkingu á tölvum.

108 stundir - Verð: 99.000.-
Verð fyrir atvinnulausa: 74.250.-

Kvöld- og helgarnámskeið
byrjar 8. apríl.

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI

10 ára gömul verð!*

aftur til
fortíðar
með Eldsmiðjunni
15.-31. mars

*GILDIR EKKI UM DRYKKI OG HEIMSENDINGU

VERÐDÆMI:
10" MARGARITA
Var: 920.-
Nú: 695.-

VERÐDÆMI:
12" MARGARITA
Var: 1.150.-
Nú: 795.-

VERÐDÆMI:
16" MARGARITA
Var: 1.485.-
Nú: 995.-

STÓFA 53

3 staðir

562 3838

SUÐURLANDSBRAUT 12 • BRAGAGATA 38A • LAUGAVEGUR 81



VEITINGASTAÐIR Á öllum veitingastöðum Eldsmiðjunnar er hægt að sitja til borðs og njóta veitinga í notalegu umhverfi **HEIMSENDING** Við bjóðum upp á heimsendingu í flest hverfi Reykjavíkur (sjá www.eldsmidjan.is) **TAKE AWAY** þjónusta er að sjálfsgöðu á öllum okkar stöðum, einfalt og þægilegt, enda eitt pöntunarnúmer Gott að muna... **562 3838**

Fundargjald með morgunverði er kr. 2.900. Fundurinn er öllum opin en æskilegt er að skrá þátttöku fyrirfram á www.vi.is eða með tölvupósti á birna@vi.is.



HREINLÆTISTÆKI **PÁSKA** TILBOÐ!

STURTUhorn

6mm hert öryggisgler Sturtubotn og vatnslás fylgja

2 GERÐIR - 4 STÆRÐIR - EITT VERÐ!



**HERT
ÖRYGGISGLER**



**HERT
ÖRYGGISGLER**

RÚNNAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 **33.900** 90x90 **33.900**

KANTAÐUR MEÐ BOTNI
80x80 **33.900** 90x90 **33.900**

MJÚKLOKANDI
SETA

MJÚKLOKANDI
SETA

MJÚKLOKANDI
SETA



SJÁLFBERANDI



WC upphengt með innbyggingarkassa með öllu, hvítum sturtuþnappi og mjúklokun **37.900- stgr**

WC í gólf 14 í mitt gat **23.900- stgr**

WC í vegg **19.900- stgr**

til
afgreiðslu
af lager



19.900- stgr



STURTUSTANGARSETT

termóSTURTUSTANGARSETT með öllu

Verð **35.900- stgr**



13.900- stgr



15.900- stgr



12.900- stgr

termóSTURTUBLÖNDUNARTÆKI

termó bað/STURTUTÆKI

termóSTURTUBLÖNDUNARTÆKI




HANDLAUGARTÆKI

Verð frá **4.900- stgr**



BAÐ HANDLAUGAR

Verð frá **5.900- stgr**



150x75 sm

160x75 sm

170x75 sm

160x70 sm

170x70 sm

BAÐKÖR

Verð frá **33.580- stgr**



BAÐHLUTIR -30%



HANDKLÆÐAOFNAR

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR

SPEGILL m/ljósi

Verð frá **28.900- stgr**

Stærðir: 60x80 sm 100x80 sm
90x80 sm 120x80 sm

INNRETTINGAR OG TÆKI STYÐJA VERKEFNIÐ:




www.i-t.is

**INNRETTINGAR
& TÆKI**

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Eldgos á Fimmvörðuhálsi



Gosstöðin í Eyjafjallajökli:

700 þúsund ára risi

■ Eyjafjallajökull er fremur reglulega löguð eldkeila með stóran toppgíg eða öskju í kollinum. Eldfjallið hefur verið virkt í um 700 þúsund ár.

■ Jökull þekur fjallið víðast hvar ofan þúsund metra en fjöldi skerja stendur upp úr honum, einkum í brúnum toppgígsins. Ísinn er víðast þunnur, um eða undir 100 metrum nema í gígnum þar sem þykktin nær 250 metrum.

■ Gos virðast algengust í toppnum en nokkrir hryggir, sem orðið hafa til við gos í jöklinum, teygja sig niður hlíðarnar með stefnu frá toppgígnum.

■ Vitað er um fjögur gos í Eyjafjallajökli á síðustu 1.400 árum. Auk þess að vera mun fátíðari hafa gos í Eyjafjallajökli verið lítil miðað við Kötlugos. Virkni í eldfjöllunum virðist tengd, því gos Eyjafjallajökuls hafa komið á svipuðum tíma og Kötlugos en bæði eldfjöllin gusu um 920, 1612 og Katla gaus 1823, skömmu eftir að gosinu 1821-23 lauk í Eyjafjallajökli.

■ Gosið 1821-23 varð á um tveggja kílómetra langri sprungu í toppgígnum, gosmökkurinn reis hátt fyrstu vikuna og talsvert öskufall varð, en meginmökkurinn barst til norðvesturs. Í upphafi gossins hljóp vatnsflóð úr gígnum niður í Markarfljót.

Fyrstu jarðeldar í tíu þúsund ár í 700 þúsund ára gamalli eldstöð:

Tengsl gosa í Eyjafjallajökli við Kötlugos

„Það hefur ekki gosið á Fimmvörðuhálsi í fleiri þúsund ár, og ekki hægt að skýra af hverju gýs þarna núna en ekki beint þaðan sem kvikan safnast saman undir háfjallinu,“ segir Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur. „Það eru gossprungur bæði vestan og austan úr Eyjafjallajökli, fyrir ofan Seljalandsfoss og þar sem gýs



ARI TRAUSTI GUÐMUNDSSON

núna. Fjallið er jú um 700 þúsund ára gamalt þannig að gríðarlegur fjöldi gosa hefur komið upp á svæðinu. Bæði í háfjallinu og sprungunum í hlífum þess.“ Að minnsta kosti þrjár gossprungur liggja um Fimmvörðuháls, en sú sem nú gýs liggur öðruvísi en hinar tvær.

Ari segir að um hreint hraungos sé að ræða. Það geti hins

vegar breyst ef gosið færist undir jökulhettuna til vesturs. Þá breytist gosið í gjóskugos með vatnsflóði. Eins segir gossaga Eyjafjallajökuls að gosið geti staðið lengi.

Ari segir að gossagan sýni jafnframt tengsl á milli gosa í Eyjafjallajökli og Kötlu. „Eyjafjallajökull gýs sjaldan en Katla oft. Á sögulegum tíma höfum við tvö dæmi þess að Katla rumskar um leið og eldgosi lýkur. Kannski verður þetta með svipuðum hætti

núna en það er aldrei hægt að ráða í hegðun eldfjalla. Ástæðan fyrir þessu liggur ekki fyrir og hefur lítið forspárgildi,“ segir Ari.


Sú kenning hefur verið sett fram að ástæða þess að Katla hefur ekki gosið af krafti í tæpa öld sé sú að gosið hafi í Surtsey og Vestmannaeyjum. „Mér finnst sú kenning langsótt. Hlé á milli gosa í eldstöðvum eru breytileg og er nærtækt að skoða gossögu Heklu í því samhengi.“

- shá




FLOGIÐ YFIR GOSSTÖÐVARNAR TF-SIF, flugvél Landhelgisgæslunnar, flaug yfir gosstöðvarnar í gærkvöldi. Með í för var hópur jarðvísindamanna, auk Rögnu Árnadóttur dómsmálaráðherra, Georgs Lárussonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, og Haraldar Johannessen ríkislögreglustjóra. Mælitæki nýlegrar flugvélar Landhelgisgæslunnar nýttust afar vel til að mynda og mæla gosið, segir Magnús Tumi Guðmundsson jarðeðlisfræðingur. Á þeim sást að fremur lítið hraun hafði runnið frá sprungunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Stefnir – *Samval*. Meiri möguleikar á breytilegum markaði.



Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

*Upplýsingar fengnar af www.sjodir.is fyrir tímabilið 28.02.2005-28.02.2010.

- * Fjárfestir í þeim eignaflokkum sem ákjósanlegastir eru hverju sinni – eignastýring í einum sjóði
- * Virk stýring í skuldabréfum og hlutabréfum. Áhersla á ríkistryggð skuldabréf undanfarin misseri
- * Fjárfestir að mestu í öðrum sjóðum til að auka enn frekar áhættudreifingu
- * Góður kostur í langtímasparnaði og hentar vel í reglubundnum sparnaði
- * 15,4% meðalnafnávöxtun síðastliðin 5 ár*
- * Lágmarkskaup 5.000 kr.

Hafðu samband
sími 444 7000 * arionbanki.is

 **Arion banki**


Ávöxtunartölur vísa til fortíðar. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur þeirra. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Stefnir - Samval er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útboðslýsingu og útdrætti úr útboðslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á www.arionbanki.is/sjodir.



Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi



PROFLEX

**Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum
og Proflex stillanlegum rúmum
á sértilboði frá framleiðanda**

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 339.900 - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
kr. 349.900 - verð áður 459.000

Fermingartilboð

STÆRÐ	VALHÖLL	SAGA	ÞÓR	IQ-CARE
90x200	69.900	89.900	-	134.900
100x200	74.900	94.900	104.900	144.900
120x200	84.900	109.900	124.900	164.900
135x203	-	-	-	169.900
140x200	89.990	119.900	139.900	179.900
153x203	99.900	129.900	149.900	179.900

Tilboð með leðurlituðum botni og fótum

30% afsláttur af lökum og hlífðardýnum



ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á RÚMBOTNUM



Baldursnesi 6

AKUREYRI



Listhúsinu Laugardal

REYKJAVÍK

3 mán.
vaxtalaugar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Ópið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

IGG

ELVIS PRESLEY

í 75 ár

Í SALNUM KÓPAVOGI

SERSTAKUR GESTUR 27. MARS "GRAND FINALE":
BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

Áhorfendur lofa þessa frábæru skemmtun með þessum stórkostlegu listamönnum.

SÍÐUSTU SÝNINGAR:
FIMMT. 25.03. KL. 20:00 **ÓRFA SÆTI LAUS!**
FÖST. 26.03. KL. 20:00 **ÓRFA SÆTI LAUS!**
LAUG. 27.03. KL. 17:00
LAUG. 27.03. KL. 21:00 (grand finale)

UMSAGNIRTÓNLEIKAGESTA
 "...eins gott að ég er ekki með maskara því þá væri hann kominn út um alle!"
 HULDA
 "...bestu tónleikar voru í einu þrði sagt FRÁBÆRIR!"
 INGA GUÐMUNDSDÓTTIR
 "...ég mæli sko með þessum tónleikum, þeir verða ekki fyrir vonbrigðum þú fara á þetta show!"
 THULEN JÓHANSEN

FRÍÐRIK ÓMAR söngur
 ÞÓRIR Baldursson píanó JÓHANN Hjörleifsson trommur ÓMAR Guðjónsson gítar
 ROBERT Þórhallsson bassi EINAR Þór Jóhannsson gítar og raddir
 PÉTUR Örn Guðmundsson raddir HEIÐA Ólafsdóttir raddir

MIÐASALA Á WWW.SALURINN.IS OG Í SÍMA 5 700 400
MIÐAVERÐ 3.300.-



Á FUNDI MEÐ BANDARÍKJAMÖNNUM Í KABÚL Haji Katel, einn afgönsku öldunganna, kveður sér hljóðs og hafði ýmislegt að segja við bandarísku herforingjana.

FRÉTTABLAÐID/AP

Afganar enn beðnir að sýna þolinmæði

Barack Obama Bandaríkjaforseti og Stanley McChrystal, yfirmaður NATO-liðsins í Afganistan, hafa ítrekað lofað því að herliðið þar muni sýna meiri aðgæslu í samskiptum við heimamenn.

AFGANISTAN, AP Ættarhöfðingjar Pastúna í Afganistan nörtuðu í súkkulaðitertu og ávexti sem bornir höfðu verið á borð meðan þeir hlustuðu kurteislega á ræður bandarískra herforingja um nýtt fyrirkomulag. Það gerir öldungum afganskra þorpa kleift að fá fanga leysta úr haldi Bandaríkjamanna ef þeir í staðinn lofa að bera ábyrgð á þeim.

Síðan stóð einn öldunganna upp og hóf að spyrja spurninga. Hvers vegna var fjórum mönnum, sem nú voru látnir lausir, haldið mánuðum saman í Bagram-fangelsinu án þess að til væru nokkur sönnunargögn gegn þeim? Og hvers vegna halda Bandaríkjamenn áfram að ráðast inn á heimili fólks að næturlagi án þess að ráðgast við öldunga þorpsins, eins og lofað hafði verið?

Fangelsið við Bagram-flugvöll, skammt norður af höfuðborginni Kabúl, er hið stærsta sem Bandaríkjamenn reka í Afganistan. Þar hafa um 600 manns verið í haldi vegna gruns um stuðning við talibana. Síðan í janúar hafa ættarhöfðingjar átt kost á því að fá menn úr þessum hópi látna lausa, með því að gangast í ábyrgð fyrir þá og lofa að fylgjast með því hvort þeir sýni einhver merki um að taka þátt í uppreisn talibana.

Síðan bandaríski herforinginn

Stanley McChrystal tók við sem yfirmaður herafla NATO í Afganistan á síðasta ári, hefur hann lagt áherslu á samstarf við heimamenn til að gera þá fráhverfa stuðningi við uppreisnarhópa. Þau samskipti snúast oft en ekki upp í vettvang fyrir óánægju heimamanna, sem safnast hefur upp árum saman.

Bagram-fangelsið hefur verið sérlega viðkvæmt deilumál. Heimamenn hafa ekki síst gagnrýnt Bandaríkjamenn fyrir að handtaka fólk á heimili þess að næturlagi án þess að gefa neinar skýringar.

„Afganar heyra margt,“ sagði Walir Wakil, einn öldunganna á fundinum í Kabúl. Hvar, spurði hann, má sjá merki þess að stefna Baracks Obama Bandaríkjaforseta um nánara samstarf erlendra hermanna við leiðtoga heimamanna hafi verið tekin upp?

Patrick McCarthy, bandarískur sjóliðsforing, reyndi ekki að réttlæta framferði landa sinna á fundinum. Hann gerði ekki annað en að biðja menn að sýna þolinmæði, eins og þeir hafa verið beðnir um að gera í átta ár.

„Við erum að breyta starfsháttum okkar þannig að Bandaríkjamenn og Afganar geti starfað saman hlið við hlið,“ sagði hann. „Það tekur svolitinn tíma að koma þessu öllu í réttan farveg.“

gudsteinn@frettabladid.is

Framlagið þitt greiðir hjúkrun og áfallahjálp. Það hjálpar fólki að takast á við framtíðina. Á regntímanum framundan þarf fólkið skjól og sáðkorn í næstu uppskeru. Við leggjum til byggingarefni og útvegum fræ. Við styðjum munaðarlausu börnin og þá sem örkuhlást hafa eða eru fatlaðir. Íbúar Haítí treysta á umheiminn. Þú ert umheimurinn.

Hjálpum Haítí

Við hvetjum þá sem geta til að greiða valgreiðslu sem send hefur verið í heimabanka

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma 907 2003. Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreikningur er: 0334-26-886, kt. 450670-0499

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Tæki færi í mars

1 **Brick borðlampar**
Tækifærisverð: **4.900 kr. stgr.**

2 **Vendela borðlampar**
Tækifærisverð: **8.900 kr. stgr.**

Tækifærisdagar í verslun okkar!
Flottir lampar
á Tækifærisverði.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Forstjóri Útlendingastofnunar:
Kristín skipuð

STJÓRNSÝSLA Kristín Völundar-dóttir, sýslumaður á Ísafirði og lögreglustjóri Vestfjarða, hefur verið skipuð í embætti forstjóra Útlendingastofnunar.

Kristín lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1992 og framhaldsnámi í Kanada 1994.

Kristín starfaði í sex ár hjá Útlendingastofnun og forvera hennar, Útlendingaefirlitinu, áður en hún fór til starfa í dómsmálaráðuneytinu árið 2005. Árið 2006 var hún sýslumaður á Hólmavík.

Ellefu sóttu um embættið en tveir drógu umsóknir sínar til baka.

- bps

Menntamálaráðherra endurskoðar innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga:
Lengingu skólaársins frestað

NÁM Innleiðingu nýrra framhaldsskólalaga verður frestað að hluta til, segir Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra. Til dæmis verður lengingu skólaárs sem kveðið er á um í lögum slegið á frest. Í ræðu ráðherrans á nýafstöðnu menntaþingi kom einnig fram að hægt verður á innleiðingu þeirra hluta laganna sem snúa að gildistöku nýrrar aðalnámskrár í framhaldsskólum.

Tveir framhaldsskólar eru þegar farnir að vinna eftir nýjum lögum, sem fela meðal annars í sér nýtt



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR

segir Katrín.

Ástæða frestunar á framkvæmd laganna er niðurskurður

einingakerfi til stúdentsprófs, Kvennaskólinn og Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ. Þar fyrir utan eru margir skólar farnir að laga starfið að nýjum lögum. Sú vinna heldur áfram til menntamála, en að sögn Katrínar er verið að skoða í ráðuneytinu hvernig komið verður á móts við hann. Að sögn Katrínar munu línur í þeim efnum skýrast á næstunni.

Þess má geta að fulltrúafundur Félags framhaldsskólakennara sendi frá sér ályktun á dögnum þar sem mælst var til þess að innleiðing laganna yrði endurskoðuð vegna kostnaðar sem af þeim hlýst. Lögin voru samþykkt árið 2008 en áttu að koma til fullra framkvæmda haustið 2011.

- sbt

HB Grandi gengur vel:
Greiðir 204 milljónir í arð

SIÁVARÚTVEGUR Rekstur HB Granda skilaði 13 milljónum evra í hagnað á síðasta ári. Stjórnin leggur til að greidd verði út 12 prósent af nafnvirði hlutafjár í arð, en þau samsvara 204 milljónum króna á lokagengi ársins 2009. Rekstrartekjur félagsins í fyrra voru 117 milljónir evra.

Hagnaður ársins 2008 nam 16 milljónum evra. Minna veiddist af ufsa og karfa árið 2009 en árið áður, en veiði frystitogara á gulllaxi og úthafskarfa jókst mjög.

- kóp



GRÆNLENSK BÖRN Stofnfundur félags um Grænlandssetur verður haldinn klukkan ellefu í fyrramálið í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Grænlandssetur í bígerð:
Bolungarvík er næst Grænlandi

MENNING Hugmyndir eru uppi um stofnun Grænlandsseturs í Bolungarvík, að því er fram kemur á fréttavefnum Víkari.is.

„Setrinu verður ætlað að safna fróðleik og munum tengdum Grænlandi og samskiptum Íslands og Grænlands í fortíð, nútíð og framtíð; standa að kynningum og sýningarhaldi tengdu Grænlandi, stuðla að auknum samskiptum íbúa landanna og eftir föngum stunda rannsóknir tengdar grænlenskum málefnum,“ segir þar og bent á að Bolungarvík sé sá byggð staður á landinu sem hvað næstur sé Grænlandi.

- óká

Tekist á um almannatengil:
Upplýsingarnar flæða betur

SVEITARSTJÓRNIR Meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í bæjarráði Kópavogs hafnaði tillögu Vinstri grænna um að fresta ráðningu nýs almannatengils.

„Það er með ólíkindum að Samfylkingin og VG sem stöðugt kalla eftir upplýstri og gegnsærri stjórnsýslu skuli nú leggja stöð gegn ráðningunni,“ bókaði meirihlutinn sem kveður upplýsingaflæði frá bænum verða markvissara.

„Um þessar mundir er verið að draga verulega saman í rekstri bæjarfélagsins m.a. með uppsögnunum starfsfólks og skerðingar á þjónustu við bæjarbúa.

Því skýtur skökku við að á sama tíma er rokið til og ráðið í starf sem losnar í yfirstjórn bæjarins,“ bókuðu fulltrúar Samfylkingarinnar.

- gar

Ósáttir í Kína við tilnefningar:
Nóbelnum beitt gegn Kína

KÍNA Tilnefningar til friðarverðlauna Nóbels í ár endurspeglar þrýsting Vesturlanda á Kína. Þetta er skoðun leiðarahöfundar Global Times í Kína, sem nýverið fjallaði um verðlaunin.

Í hópi þeirra 237 sem tilnefndir eru til verðlaunanna eru Liu Xiaobo, Hu Jia og Rebiya Kadeer, yfirlýstir gagnrýnendur stjórnvalda.

Leiðarahöfundurinn gagnrýnir að enginn fjölmargra Kínverja sem lagt hafi þung lóð á vögarskálar friðar og framfara í landinu síðustu þrjá áratugi hafi hlotið tilnefningu til Nóbelsverðlaunanna. Verðlaunin séu misnotuð í pólitískum tilgangi og slíkt verði að fordæma.

- óká

Veisla fyrir bragðlaukana

X-tra óðýrt!



399 kr/pk.

FRANSKAR KARTÖFLUR
1 kg



459 kr/stk.

HUNANG
450 gr



119 kr/pk.

BRAUÐRASP
500 gr



179 kr/stk.

TÚNFISKUR
Í OLÍU EÐA VATNI, 185 gr



359 kr/pk.

LAKKRÍSKONFEKT
500 gr



359 kr/pk.

HLAUP
500 gr



359 kr/pk.

LAKKRÍSHLAUP
BLANDA, 450 gr



198 kr/pk.

TANNBURSTAR
3 Í PAKKA



APPELSÍNUSAFI
1,5 ltr



EPLASAFI
1,5 ltr



ANANASSAFI
1,5 ltr

249 kr/pk.



179 kr/stk.

TANNKREM
125 ml



SPAGHETTI
1 kg



PASTASKRÚFUR
500 gr



TÓMATAR, HAKKAÐIR
400 gr




HAFRAKEX
400 gr



HVÍTLAUKSBRAUÐ
2 stk.



KOSSAR
BLANDAÐIR, 200 gr



PLASTPOKAR
3x30 stk, HVÍTIR



SORPPOKAR 110 ltr.
10 stk

nettó
Ódýrt fyrir heimilið!

Styrkur almannavarnakerfisins kom vel í ljós þegar eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi í fyrrinótt.

Fumlaus viðbrögð á öllum vígstöðvum

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Náttúruöflin eru máttug á Íslandi. Á það var minnt um helgina þegar eldgos hófst á Fimmvörðuhálsi. Enn sem komið er virðist ekki vera á ferðinni mikið gos en í fyrrinótt og í gær kom vel í ljós hversu vel bæði vísindamenn og almannavarnir fylgjast með jarðhræringum og eldvirkni, hversu miklu máli sú árvekni skiptir og síðast en ekki síst hversu vel viðbragðsáætlanir vegna náttúruhamfara eru unnar og hversu vel þær ganga upp þegar til þess kemur að vinna þarf eftir þeim.

Atburðir helgarinnar minntu vel á að við eigum framúrskarandi almannavarnakerfi. Þar er á ferðinni smurð vél þar sem hver þáttur skilar sínu eins og best verður á kosið. Samhæfing aðila gengur snurðulaust þannig að ekkert atriði verður út undan.

HANDBOLTI „Eigum við ekki að segja það að ferðalagið hafi setið í leikmönnum,“ sagði Guðlaugur Arnarsson, leikmaður Akureyrar, eftir tapið gegn Gróttu. Þeir félagar þurftu að keyra suður þar sem flugið féll niður útaf eldgosinu.

„Það er samt ekkert ástæðan fyrir tapinu, þeir mættu bara gríðarlega tilbúnir en við ekki. Það var nú alveg vitað mál að þeir myndi koma brjálaðir í þennan leik. Það vantaði vörn og vantaði góð skot. Þetta var bara það týpíska, þeir mættu meira tilbúnir en við,“ sagði Guðlaugur. -rog

Markmið númer eitt var að ná sigri og það tókst

Ísland vann sannfærandi 2-0 sigur á Færeyjum í Kórnum. Þegar liðin mættust á sama stað fyrir ári unnu gestirnir en nú sýndi íslenska liðið betri leik.

FÓTBOLTI Íslenska landsliðið átti ekki í teljandi vandræðum með að leggja Færeyinga í gær. Leikurinn endaði 2-0 en bæði mörkin komu í fyrri hálfleik.

Fyrst skoraði Matthías Vilhjálmsson með skalla eftir fyrirgjöf Arnórs Sveins Aðalsteinssonar og svo bætti Kolbeinn Sigþórsson við marki af stuttu færi eftir undirbúning Steinþórs Freys Þorsteinssonar.

„Það er frábært fyrst og fremst að fá sigur og ekki leiðinlegt að ná marki í fyrsta leik,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson sem var að spila sinn fyrsta leik fyrir A-landsliðið. „Manni hefur dreymt um að spila fyrir Ísland og nú reynir maður að halda bara þeirri stefnu að skora sem mest fyrir landsliðið.“

Hann hefði með smá heppni getað skorað fleiri mörk. „Ég fékk þrjú mjög góð færi og hefði átt að klára þau. En eins og ég segi var númer eitt að ná sigri.

Við vorum talsvert betri í fyrri hálfleiknum og hefðum átt að bæta þriðja markinu við sem fyrst. Þeir fengu síðan fín færi í seinni hálfleik og við vorum heppnir að fá ekki á okkur mark. En klárlega sanngjarn sigur.“

Kolbeinn var sífellt ógnandi í fremstu víglínu en íslenska liðið var mun bitmeira fram á við en það færeyska.

Baldur Sigurðsson kom inn fyrir Matthías sem meiddist snemma í seinni hálfleik og var Baldur ekki búinn að vera lengi inná þegar hann komst nálægt því að skora en yfir fór boltinn.

Annar varamaður, Óskar Örn Hauksson, fékk dauðafæri um miðjan seinni hálfleik en náði að skalla framhjá þegar í raun var auðveldara að skora.

Simun Samuelsen, fyrrum leikmaður Keflavíkur, fékk



STÖÐUGT ÓGNANDI Kolbeinn Sigþórsson átti flottan leik í Kórnum í gær og sýndi að hann er framtíðarmaður í landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

besta færi gestana eftir mikinn misskilning milli miðvarðana Jóns Guðna Fjólusonar og Vals Fannar Gíslasonar. Simun komst framhjá Fjalari Þorgeirssyni í markinu en náði ekki að nýta sér að markið var opið og skotið fór framhjá.

Um 300 manns lögðu leið sína í Kórinn í gær og var Kolbeinn nokkuð sáttur við það. „Ég bjóst við að færri myndu mæta þar sem Liverpool og Manchester

eru að spila á sama tíma,“ sagði Kolbeinn.

Íslenski hópurinn heldur nú til Bandaríkjanna og leikur þar vináttulandsleik gegn Mexíkó seint á miðvikudagskvöld.

„Við förum í þann leik og ætlum að reyna að stríða þeim. Seinast þegar ég frétti var búið að selja einhverja 75 þúsund miða og það verður bara góð stemning.“

elvargeir@frettabladid.is



FIMM MÖRK Snorri Steinn átti góðan leik í gær. NORDICPHOTOS/GETTY

Fjör í þýska handboltanum:

Naumur sigur RN Löwen

HANDBOLTI Rhein-Neckar Löwen vann nauman sigur á Hannover Burgdorf 27-26 í þýska handboltanum í dag. Hannover var yfir stærstan hluta leiksins og leiddi í hálfleik með tveggja marka mun.

Snorri Steinn Guðjónsson átti góðan leik og skoraði fimm mörk fyrir Rhein-Neckar Löwen, Ólafur Stefánsson var með fjögur, þar af þrjú úr vítum.

Róbert Gunnarsson skoraði sigurmark Gummersbach sem lagði Grosswallstadt á útivelli í þýska handboltanum 26-25. Róbert skoraði alls þrjú mörk í leiknum en sigurmarkið kom þegar 30 sekúndur voru eftir. Einar Hólmgeirsson og Sverre Jakobsson léku með Grosswallstadt en komust ekki á blað. -egm

Watford í harðri fallbaráttu:

Heiðar skoraði

FÓTBOLTI Cardiff vann 3-1 sigur gegn Watford í ensku 1. deildinni í dag. Heiðar Helguson lék allan leikinn fyrir Watford og skoraði mark liðsins í blálokin. Watford er í 19. sæti deildarinnar og nálgast fallsæti.

Aron Einar Gunnarsson kom inn sem varamaður og lék síðasta hálf tímann fyrir Coventry sem gerði 2-2 jafntefli við Leicester á útivelli. -egm

Hjalti Þór Pálmason fór á kostum með Gróttu í gær þegar liðið vann langþráðan sigur í N1-deildinni:

Dramað kringum Halldór styrkir okkur

HANDBOLTI Gróttumenn unnu í gær sinn fyrsta deildarleik síðan í desember þegar þeir lögðu lið Akureyrar 29-26 í N1-deildinni.

Heimamenn voru með yfirhöndina mestallan fyrri hálfleikinn og þungir norðanmenn sem komu keyrandi frá Akureyri virtust ekki eins klárir í slaginn og Gróttu-liðið. Heimamenn voru yfir í hálfleik 15-9 en það var vel mætt í höllina á nesinu í gær þar sem var boðið upp á grillaðar pylsur og fleira.

Í síðari hálfleik fór að færast meira líf í leikinn og ljóst að Rúnar Sigtryggsson, þjálfari Akureyrar, las vel yfir leikmönnum sínum í leikhléi. Það var allt annað að sjá liðið og það minnkaði muninn minnst niður í

eitt mark í leiknum. Síðustu fimm mínútur leiksins voru æsispennandi og var jafnvel útlit fyrir að Akureyri myndi stela sigrinum. Gróttu-liðið hefur ítrekað tapað leikjum í blálokin í vetur en svo var ekki að þessu sinni og kláruðu þeir félagar dæmið örugglega.

Hjalti Þór Pálmason fór mikinn í liði heimamanna en hann skoraði ellefu mörk og átti frábæran leik í gær. Magnús Sigmundsson, markvörður Gróttu, átti einnig góðan dag en hann varði tuttugu skot í þessum langþráða sigri þeirra Seltirninga.


„Það er búinn að vera stígandi í liðinu og ég er búinn að bíða eftir sigri í deildinni síðan í desember,“ sagði Hjalti Þór eftir leik.



TEKINN FÖSTUM TÖKUM Gróttumaðurinn Anton Rúnarsson í gíslingu. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETER

„Við erum búnir að vera ótrúlega nálægt því að vinna marga leiki en svo missum við þá frá okkur í lokin. Þetta hefur verið eitthvað sálrænt sem við höfum

ekki komist að hvað er. Þetta drama í kringum að Halldór tekur við Hauka-liðinu þjappar okkur bara saman og gerir okkur sterkari,“ bætti Hjalti við. -rog



Leynast

VINNINGAR

Á ÞÍNU HEIMILI

Prófaðu Heimaöryggi

– frítt í 2 mánuði –

án skuldbindingar.*

* Kynntu þér málið á oryggi.is



oryggi.is
570 2400

ENSKI BOLTINN

Úrvælsdeildin

Blackburn - Chelsea

0-1 Didier Drogba (5.), 1-1 El Hadji Diouf (69.)

Fulham - Manchester City

1-2

0-1 Roque Santa Cruz (6.), 0-2 Carlos Tévez (35.), 1-2 Danny Murphy (74.)

Man Utd - Liverpool

2-1

0-1 Fernando Torres (4.), 1-1 Wayne Rooney (11.), 2-1 Park Ji-Sung (59.)

Arsenal - West Ham

2-0

1-0 Denilson (4.), 2-0 Cesc Fàbregas (82.).

Aston Villa - Wolves

2-2

1-0 John Carew (15.), 1-1 Jody Craddock (22.), 2-2 Emile Heskey (81.)

Everton - Bolton

2-0

1-0 Mikel Arteta (71.), 2-0 Steven Pienaar (88.).

Portsmouth - Hull

3-2

0-1 Craig Fagan (26.), 1-1 Tommy Smith (36.), 1-2 Caleb Folan (72.), 2-2 Jamie O'Hara (87.), 3-2 Nwankwo Kanu (88.).

Stoke - Tottenham

1-2

0-1 Eiidur Guðjohnsen (45.), 1-1 Matthew Etherington (63.), 1-2 Niko Kranjcar (76.)

Sunderland - Birmingham

3-1

1-0 Darren Bent (4.), 2-0 Darren Bent (10.), 2-1 Cameron Jerome (59.), 3-1 Anton Ferdinand (87.).

Wigan - Burnley

1-0

1-0 Hugo Rodallega (91.)

STADAN:

Man Utd	31	22	3	6	72-25	69
Arsenal	31	21	4	6	73-33	67
Chelsea	30	20	5	5	70-28	65
Tottenham	30	16	7	7	55-29	55
Man City	29	14	11	4	55-37	53
Liverpool	31	15	6	10	50-32	51
Aston Villa	29	13	11	5	41-24	50
Everton	30	12	9	9	48-42	45
Birmingham	30	12	8	10	31-34	44
Fulham	30	10	8	12	33-34	38
Stoke City	30	8	12	10	29-35	36
Blackburn	30	9	8	13	32-49	35
Sunderland	30	8	10	12	40-46	34
Bolton	31	8	8	15	36-56	32
Wigan	31	8	7	16	29-59	31
Wolves	30	7	7	16	25-49	28
West Ham	30	6	9	15	37-51	27
Burnley	31	6	6	19	31-64	24
Hull City	30	5	9	16	29-64	24
Portsmouth	30	6	4	20	28-53	13

Park kom United á toppinn

Manchester United er í efsta sæti ensku úrvælsdeildarinnar eftir helgina. Liðið vann Liverpool í gær þar sem Ji-Sung Park skoraði sigurmarkið með skalla.

FÓTBOLTI Englandismeistarar Manchester United unnu langþráðan sigur á Liverpool í gær. Liverpool hafði unnið þrjár síðustu viðureignir liðanna áður en kom að þessum leik. Kóreumaðurinn Ji-Sung Park skoraði sigurmarkið á Old Trafford og er United á kunnuglegum stað á toppi deildarinnar.

Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, var kampaátur eftir þennan sigur á erkfjendunum. Hann hrósaði miðvarðaparinu Rio Ferdinand og Nemanja Vidic í hástert en sá síðarnefndi brá út af vananum og hélt sér inni á vellinum allan tímann í gær.

Liverpool fékk óskabyrjun en Fernando Torres skoraði fyrsta mark leiksins með skalla eftir fimm mínútur. Umtalaðasta atvik leiksins gerðist svo sex mínútum síðar þegar United fékk vítaspyrnu. Javier Mascherano braut á Antonio Valencia en líklega átti brotið sér stað fyrir utan vítateiginn.

Wayne Rooney steig á punktinn. Pepe Reina, markvörður Liverpool, náði að verja spyrnuna en Rooney náði frákastinu og skoraði.

Sigurmarkið kom á 60. mínútu þegar Darren Fletcher átti fyrirgjöf sem Park skallaði í netið. Fletcher og Park áttu báðir flottan leik fyrir United en sá síðarnefndi var fremstur á miðjunni og óhemju vinnusamur að vanda.

GULLS ÍGILDI Kóreumaðurinn Park tryggði United sætan sigur. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta var mjög jafn leikur og lið Liverpool er gott í að stöðva flæði andstæðingsins. En við sýndum þolinmæði og markið frá Park Ji-sung var frábært. Hann átti enn einn stórleikinn og hefur reynst okkur mikilvægur,“ sagði Ferguson eftir leik en hann vildi fá rautt spjald á Mascherano fyrir brotið á Valencia. „Ég get ekki séð hvernig nokkur maður hefði getað komið í veg fyrir skot frá Valencia. Þetta var upplagt marktækifæri og Mascherano verðskuldaði rautt.“

Rafael Benítez, knattspyrnstjóri Liverpool, var ekki sama sinnis og sakaði Valencia um leikaraskap. „Það eru einhverjar efasemdir um vítaspyrnudóminn. Þegar þú sérð endursýninguna þá er undarlegt hvernig hann féll til jarðar. Mér fannst þetta vera dýfa. Þetta skipti miklu máli. Við vorum að spila vel og vorum fullir sjálfstrausts og síðan breyttist allt á einu augnabliki,“ sagði Benítez.

elvargeir@frettabladid.is

BARÁTTA Tevez lætur finna fyrir sér. NORDICPHOTOS/GETTY

Man City vann Fulham:

Sterkur sigur á erfiðum útivelli

FÓTBOLTI „Þetta var svo sannarlega sigur sem við verðskulduðum, við sköpuðum fleiri færi,“ sagði Roberto Mancini, knattspyrnstjóri Manchester City sem vann 2-1 útisigur á Fulham í gær.

Eftir sigurinn er City í fimmta sæti deildarinnar, tveim stigum fyrir ofan Liverpool og tveimur stigum á eftir Tottenham. Roque Santa Cruz kom City yfir eftir sjö mínútna leik í gær. Carlos Tevez bætti síðan við öðru marki fyrir City og staðan 2-0 í hálfleik.

Danny Murphy minnkaði muninn fyrir Fulham með eina marki síðari hálfleiksins. Það kom úr vítaspyrnu.

Enski landsliðsmaðurinn Joleon Lescott meiddist í upphitun og er óttast að hann verði frá í einhvern tíma.

- egm

Húsgögn fyrir hagsýna

Hvítt, Hlynur, Kirsuber

Tilboð

Tilboð 49.900,-
Fullt verð 66.900,-

Coffee

Tilboð

Tilboð 79.900,-
Fullt verð 108.600,-

Beyki, Hvítt

Tilboð

Tilboð 15.500,-
Fullt verð 20.300,-

Bókahillur í úrvali

kr. 18.800,-

Tilboð

Tilboð 79.900,-
Fullt verð 108.600,-

Bókahillur í úrvali

kr. 18.800,-

Einkarekin í 17 ár!

Hirzlan

Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040

www.hirzlan.is

Eiður Smári skoraði fyrir Tottenham á laugardag:

Ansi langþráð mark

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen skoraði fyrra mark Tottenham er liðið lagði Stoke 2-1 á útivelli.

„Það er nokkuð langt síðan ég skoraði mark og það er frábært að geta loks hjálpað liðinu og á heildina litíð voru þetta stór úrslit fyrir okkur. Það er í okkar höndum hvort við komumst í Meistaradeildina,“ sagði Eiður eftir sigurinn.

„Ég hef alltaf sagst vera fljótur á fyrstu metrunum og ég er mjög ánægður með markið mitt. Ég er þó enn ánægðari með stigin þrjú því það er ekki auðvelt að sækja sigur á Britannia-völlinn.

Fólk hefur sínar skoðanir á leikstíl Stoke en við þurftum bara að mæta þeim og vera tilbúnir í alvöru bardaga. Við lékum góðan fótbolta á köflum og börðumst vel,“ bætti Eiður við sem er á lánsamningi frá franska liðinu Monaco.

Það hefur gengið erfiðlega hjá Eiði að vinna sér sæti í liði Tottenham en Harry Redknapp, stjóri Tottenham, vill halda Eiði

ÞAÐ FYRSTA Eiður skoraði sitt fyrsta mark fyrir Tottenham. NORDICPHOTOS/GETTY

Smára hjá liðinu. „Hann er toppleikmaður og býr yfir frábærum hæfileikum. Fyrst Jermain Defoe er meiddur hefur hann hlutverk að leika hjá okkur. Ég vil halda honum hérna á næsta tímabili,“ sagði Harry Redknapp um Eið Smára eftir sigurinn gegn Stoke.

- rog

Chelsea tapaði dýrmætum stigum í baráttunni:

Er orðið erfiðara

FÓTBOLTI „Það er orðið erfiðara fyrir okkur að vinna deildina en það er ekki ómögulegt samt,“ sagði Carlo Ancelotti eftir að Chelsea náði aðeins jafntefli við Blackburn á útivelli í gær. Leikurinn endaði með jafntefli 1-1.

„Við töpuðum þarna tveimur dýrmætum stigum. Við byrjuðum vel en náðum ekki að koma inn öðru marki og fengum það síðan í bakið.“

Chelsea er nú fjórum stigum á eftir Manchester United sem trónir á toppnum en Lundúnaliðið á leik

inn. Didier Drogba kom Chelsea yfir eftir aðeins sex mínútna leik með sínu 22. úrvælsdeildarmarki á tímabilinu. El-Hadji Diouf jafnaði fyrir Blackburn í seinni hálfleik og liðin skiptu því stigunum á milli sín.

„Ég veit ekki hversu mörg stig við þurfum til að vinna titilinn en við megum allavega ekki misstíga okkur meira. Við verðum að vinna á miðvikudaginn,“ sagði Ancelotti en Chelsea mætir Portsmouth í vikunni.

- egm



LITRÍKUR Mourinho liggur ekki á skoðunum sínum. NORDIC PHOTOS/GETTY

José Mourinho í umræðunni: Tekur hann við Liverpool?

FÓTBOLTI José Mourinho, hjálfari Inter, er sagður hafa áhuga á að koma aftur til Englands og taka við stjórnstöðunni á Anfield. Aftur á móti segir Mourinho að hann hafi ekki áhuga á starfinu hjá Liverpool meðan Tom Hicks and George Gillet eru eigendur félagsins.

Liverpool á í viðræðum við Rhone Group sem vilja fjárfesta í félaginu. Ef það gengur eftir er líklegt að þeir félagar Tom og George sleppi taumunum og Rhone Group stjórni ákvörðunum félagsins. - rog



ÓTRÚLEGUR Lionel Messi er funheitur um þessar mundir. NORDICPHOTOS/GETTY

Hinn magnaði Lionel Messi: Ellefu mörk í fimm leikjum

FÓTBOLTI Lionel Messi fór mikinn í liði Barcelona sem vann Real Zaragoza 4-2 í gær. Messi fiskaði vítaspyrnu, skoraði þrjú mörk og þar á meðal eitt eftir glæsilegt einstaklingsframtak.

Zaragoza minnkaði muninn í eitt mark þegar ein mínúta var til leiksloka. Barcelona brunaði fram í sókn. Lionel Messi dansaði með boltann innan teigs, var sparkaður niður í kjölfarið og vítaspyrna dæmd.

Zlatan Ibrahimovic fór á punktin og skoraði örugglega og tryggði þar með dýrmæt stig fyrir Barcelona í titilbaráttunni á Spáni.

Barcelona hefur nú jafnað Real Madrid á stigum en bæði lið eru nú með 68 stig á toppi spænsku deildarinnar.

Messi er kominn með ellefu mörk í síðustu fimm leikjum Börsunga. - rog

Grannarnir Inter og AC Milan: Jafntefli hjá báðum liðum

FÓTBOLTI AC Milan mistókst að ná toppsætinu í ítalska boltanum þegar liðið gerði 1-1 jafntefli gegn Napoli í gær. Þar sem Inter gerði jafntefli á laugardaginn gátu Leonardo og lærisveinar hans komist í toppsætið.

Hugo Campagnaro kom Napoli yfir eftir varnarmistök frá Massimo Oddo en gamli refurinn Filippo Inzaghi jafnaði með skalla eftir fyrirgjöf frá Ronaldinho sem fagnaði 30 ára afmæli sínu í gær.

AC Milan er eftir þessi úrslit ennþá stigi á eftir Inter. Diego Milito kom Inter yfir gegn Palermo á laugardaginn en Edinson Cavani jafnaði á 24. mínútu og þar við sat. - egm

Keflavík tókst ekki að komast í úrslitin í gær þegar liðið fékk Hamar í heimsókn:

Var slátrað í eigin sláturhúsi

KÖRUBOLTI Keflavíkurkonur gátu tryggt sér áfram í úrslitaeinvígi Iceland Express-deildar kvenna í gær hefði þeim tekist að vinna Hamar á heimavelli sínum. Það fór hins vegar á annan veg.

Konurnar frá blómabænum Hveragerði sýndu ótrúlega öflugan varnarleik og framkvæmdu slátrun á heimakonum í sláturhúsinu í Keflavík. Leikurinn endaði 91-48 fyrir Hamar og sá Keflavík aldrei til sólar í leiknum.

Hamar vann alla leikhlutana fjóra en mestur var munurinn í fjórða leikhluta sem liðið vann

26-4. Heimakonur skoruðu aðeins fjögur stig í leikhlutanum sem er með hreinum ólíkindum.

Staðan í einvíginu er því jöfn eftir þessi úrslit, 2-2, og eigast liðin við í oddaleik í Hveragerði annað kvöld. Þá kemur í ljós hvort liðið etur kappi við KR í úrslita-einvíginu. KR sló út Íslands- og bikarmeistara Hauka á föstudagskvöldið.

Bryndís Guðmundsdóttir var stigahæst í Keflavíkurliðinu með 14 stig, Birna Valgarðsdóttir var með 13 stig og Kristi Smith 9.

Hjá gestunum frá Hveragerði

var Sigrún Sjöfn Ámundadóttir í aðalhlutverki með 22 stig, 9 fráköst og 5 stoðsendingar. Koren Schram skoraði 19 stig og Kristrún Sigurjónsdóttir 15 auk þess að eiga 7 stoðsendingar.

Hreint ótrúlegur sigur Hamars og ljóst að einstaklega spennandi leikur er eftir í þessu athyglisverða undanúrslitaeinvígi. - egm

ODDALEIKUR Hamarskonur fá heimaleik á morgun í einvíginu gegn Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



SMART ENERGY™
POWERED BY LEPPIN

KLÁRAÐU
LEIKINN

-með nýju og endurbættu Soccerade

26 01:28 01:30 01:32 01:34 01:36 01:38 01:40 01:42

NÝTT
BRAGÐ
OG ÚTLIT

CRISTIANO RONALDO
is powered by Smart Energy™

Soccerade

- Er byggt á Leppin Smart Energy
- Inniheldur flókin kolvetni
- Ekkert koffín, taurín eða önnur örvandi efni
- Náttúruleg litarefni
- Án Aspartam

www.soccerade.com

> Jared Padalecki

„Ef þú getur náð þér í tvö verkefni eftir hundrað áheyrnarpróf þá má segja að þér gangi ágætlega sem leikari.“

Padalecki fer með hlutverk Sam Winchester í þættinum Supernatural sem Stöð 2 sýnir í kvöld kl. 22.25.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI KEMST ÍTREKAÐ AÐ ÞVÍ AÐ KK ER BESTUR

Útvarpið í bílnum

Hver hlustar eiginlega á útvarpið allan daginn? Ekki ég, enda þarf ég að vera með athyglina í lagi í vinnunni. Þess vegna hlusta ég helst í bílnum og þá í svona 10 mínútur í senn á leið í og úr vinnu. Það getur verið gaman að hlusta á Gissur á Bylgjunni enda er hann með flotta og fréttamannslega rödd. Oftast er bara ekkert áhugavert í fréttum svo ég er búinn að skipta áður en fótboltausið byrjar. Á morgunvaktinni á Rás 2 er einum of oft verið að röfla um úrræði, eða fagaðilar eru að tjá sig um sértækar aðgerðir. Þegar ég kem heim er ennþá verið að röfla um úrræði eða sértækar aðgerðir í Síðdegis-útvarpinu. Ég er jafn lítið í stuði fyrir þessi leiðindi á morgnanna og í eftirmiðdaginn svo ég svissa yfir á Xið. Ef þar er handboltar-okk stilli ég á FM957. Ef þar er væluballaða eða snúður að tala hratt stilli ég á Gufuna.



Á Gufunni er ég loksins kominn heim eftir langar hrakningar því morgunþáttur KK veldur aldrei vonbrigðum. Ég róast allur niður og mér fer að líða vel. KK er frábær í útvarpinu. Hann veit hvað hann er að tala um og spilar allskonar frábæra tónlist, eldgamla, glænýja og allt þar á milli. KK er „erlendis“ útvarpsmaður. Mér finnst ég vera kominn til útlanda að hlusta á einhverja frábæra stöð þegar ég stilli á hann. Ekki skil ég afhverju ég er alltaf að flækjast á milli stöðva þegar ég get bara stillt beint á hann. Síðdegis gæti ég svo spilað diska, til dæmis upptökur af morgunþætti KK.

MÁNUDAGUR



► **19.20 Two and a Half Men** STÖÐ 2



► **20.00 Old School** STÖÐ 2 BÍÓ



► **21.15 Sporlaust** SJÓNVARPIÐ



► **21.40 CSI** SKJÁREINN



► **21.50 Réttur** STÖÐ 2 EXTRA

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Leiðin á HM (4:16) (e)
18.00 Pálína (25:28)
18.05 Stjarnan hennar Láru (21:22)
18.15 Pósturinn Páll (14:28)
18.30 Eyjan (4:18) Leikin dönsk þáttaröð.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Lífið (Life) (1:10) Breskur heimildamyndaflokkur þar sem segir frá nokkrum óvenjulegum aðferðum sem dýr og plöntur hafa komið sér upp til að halda lífi og fjölga sér.
21.00 Lífið á tökustað (Life on Location) (1:10) Stuttir þættir um gerð myndaflokksins Lífið.
► 21.15 Sporlaust (Without a Trace) (13:18) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.15 Úlfabýtur í úthverfi (Suburban Shootout II) (1:6) Breskur gamanmyndaflokkur um konurnar í smábænum Little Stempington sem drepa ekki tímann, heldur hver aðra með ótrúlegustu vopnum.
22.45 Aðþrengdar eiginkonur (e)
23.30 Spaugstofan (e)
23.55 Kastljós (e)
00.35 Fréttir (e)
00.45 Dagskrárlök

BÍÓ

06.10 Old School
08.00 We Are Marshall
10.10 Goldeneye
12.15 Shrek 2
14.00 We Are Marshall
16.10 Goldeneye
18.15 Shrek 2
► 20.00 Old School Grínmynd með Luke Wilson, Will Ferrell og Vince Vaughn í aðalhlutverkum.
22.00 The Fountain
00.00 Feteless (Sorstalanság)
02.15 From Dusk Till Dawn 3
04.00 The Fountain
06.00 Across the Universe

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkarnir í næsta húsi, Tommi og Jenni og Apaskólinn
08.15 Oprah
08.55 Í finu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.10 Hæðin (2:9)
11.00 60 mínútur
11.45 Falcon Crest (8:18)
12.35 Nágrannar
13.00 I Love You to Death
14.45 ET Weekend
15.30 Saddle Club
15.53 Barnatími Stöðvar 2 A.T.O.M., Apaskólinn og Tommi og Jenni.
17.08 Bold and the Beautiful
17.33 Nágrannar
17.58 The Simpsons (8:25)
18.23 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.11 Veður

► **19.20 Two and a Half Men** (9:24) Hér er á ferðinni sjötta þáttaröðin um Charlie, fertugan piparsvein sem nýtur mikillar kvenhylli og hefur gert það gott með því að semja auglýsingastef. Bróðir hans, Alan, flutti inn á hann þegar hann skildi við konu sína.
19.45 How I Met Your Mother (7:22) Marshall fer á sitt fyrsta stefnumót eftir skilnaðinn en vinir hans eru ekki hrifnir af nýju kærustunni og reyna að stíla þeim frá hvort öðru.

20.10 American Idol (22:43)
21.35 American Idol (23:43)
22.20 Supernatural (4:16) Yfíráttúrulegir spennuþættir um bræðurna Sam og Dean sem halda áfram að berjast gegn illum öflum og eiga í baráttu við sjálfan djöfulin.
23.00 It's Always Sunny in Philadelphia (13:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumgláðir til að geta unnið saman án þess að til árekstra komi.
23.25 I Love You to Death
01.00 Bowfinger
02.35 Extreme Dating
04.10 ET Weekend
04.55 It's Always Sunny in Philadelphia (13:15)
05.20 Fréttir og Ísland

SPORT

besta sætið

07.00 Zaragoza - Barcelona Útsending frá leik í spænska boltanum.
16.10 Grosswallstadt - Gummersbach Útsending frá leik í þýska handboltanum.
17.30 PGA Tour 2010 Útsending frá Transitions Championship-mótinu í golfi en mótið er hluti af PGA-mótaröðinni.
20.30 Fréttapáttur Meistaradeildar Evrópu Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
21.00 Spænsku mörkin 2009-2010 Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.
22.00 Bestu leikirnir. ÍA - KR 30.07.03 Íslandsmótið 2003 er eitt mest spennandi Íslandsmót seinni ára en þá áttu lengi vel fjögur lið möguleika á titlinum. Tvö þessara liða voru ÍA og KR og þessir erkifjendur mættust á Akranesi í frábærum leik.
22.30 World Series of Poker 2009 Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarnar heims.
23.20 Ultimate Fighter Sýnt frá UFC Live Events þar sem margir af færustu og snjöllustu bardagamönnum heims etja kappi.

SPORT 2

enski boltinn

07.00 Blackburn - Chelsea Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
16.00 Portsmouth - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
17.45 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
18.45 PL Classic Matches: Man Utd - Liverpool, 1992
19.20 Man. Utd. - Liverpool Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
21.00 Premier League Review Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
22.00 Coca Cola mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifið á einum stað.
22.30 Arsenal - West Ham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Spjallið með Sölva (5:14) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.45 Pepsi MAX tónlist
12.00 Spjallið með Sölva (5:14) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
16.15 Game Tívi (8:17) (e)
16.45 7th Heaven (2:22)
17.30 Dr. Phil
18.15 Matarklúbburinn (1:6) (e)
18.45 Worlds Most Amazing Videos (7:13) Ótrúleg myndbönd sem fest hafa verið á filmu. Raunveruleikinn er lyginni líkastur og hjartað slær hraðar þegar þú sérð þessi einstöku myndbönd.
19.30 Fréttir
19.45 King of Queens (2:25) (e)
20.10 90210 (12:22) Annie leitar svara hjá Jasper varðandi aðild hans að dópsölu en hann kemur sér undan með því að tala um grunsemdir sínar varðandi bílslysið.
20.55 One Tree Hill (12:22) Bandarísk þáttaröð um hóp ungmenna sem ganga saman í gegnum súrt og sætt. Nathan og Haley undirbúa flutning til Barcelona.
► 21.40 CSI (3:23) Bandarískir sakamálaþættir um stórf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
22.30 Jay Leno Gestur Jay Leno er Chelsea Handler. Avril Lavigne flytur tónlistaratriði.
23.15 Dexter (12:12) (e)
00.15 Fréttir (e)
00.30 King of Queens (2:25) (e)
00.55 Pepsi MAX tónlist



20.00 Úr öskustónni Gestur Guðjóns Bergmann er Marianna Friðjónsdóttir.
20.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon í eldhúsinu hjá Fiskifélaginu.
21.00 Frumkvöðlar Gestir Elinóru Ingu eru Grímur Sæmundsen og Ása Brynjólfsdóttir í Bláa lóninu.
21.30 Í nærveru sálar Flugfreyjustarfið. Gestur Kolbrúnar er Guðmunda Jónsdóttir.
Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.



Dagskrá allan sólarhringinn.

Nýjar kiljur á náttborðið!

FORLAGIÐ
 www.forlagid.is





„Sjónvarpsþátturinn minn er Nurse Jackie, ég sakna hans alveg ógurlega. Þetta var svo skemmtilega raunsæ týpa.“

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT
2. ómskoðun, 6. hola, 8. forsögn, 9. stilla, 11. fyrir hönd, 12. flatfótur, 14. kvk nafn, 16. skóli, 17. fax, 18. fugl, 20. skóli, 21. staðarnafn.

LÓÐRÉTT
1. skitur, 3. fyrirtæki, 4. ósigur, 5. lík, 7. land í Evrópu, 10. írafár, 13. angan, 15. ilmur, 16. skammst., 19. tveir eins.

LAUSN
pp '91 mðoo, '91 ane
5. nár, 7. pólland, '10. asl, '13. ilm, '15. LÓÐRÉTT: 1. sor, 3. ms, 4. uppgjöf, '17. mðn, '18. önd, '20. fg, '21. oddi.
LÁRÉTT: 2. ómun, 6. op, 8. spá, 9. róa, '11. pr, '12. líslg, '14. líllja, '16. m, '17. mðn, '18. önd, '20. fg, '21. oddi.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

Takk fyrir vatnið

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

Dwight gerir sína hluti og ég geri mína

„Eina ráðið mitt í sambandi við konur er að halda við tvær eða þrjár,“ segir fótboltahetjan Dwight Yorke í viðtali við breska dagblaðið Daily Express.

Yorke hefur reglulega boðið Akureyrarmærinni Krístrúnu Ösp Barkardóttur út til sín undanfarin misseri og nú síðast fóru þau í rómantíska siglingu í Karíbahafinu. Ummælin koma ekki illa við Krístrúnu, sem ítrekar að þau séu ekki saman, þrátt fyrir að þau hafi verið að hittast í tvö ár. „Hann hefur ekki hugmynd um hvað ég er að gera þegar við erum ekki saman og ég veit ekki hvað hann er að gera heldur,“ segir hún. „Þó ég myndi ákveða að fara að vera með honum og flytja út til hans, þá myndi ég ekki vita það vegna þess að hann ferðast mikið. Ég geri mína hluti og hann gerir sína.“

Dwight Yorke gerði það gott með liðum á borð við Manchester United og Aston Villa á árum áður og var um tíma á meðal fremstu sóknarmanna heims. Krístrún segir að hann sé frábær, enda komi hann afar vel fram við hana. „Við erum alltaf að gera eitthvað skemmtilegt og kynlífið er gott,“ segir hún. „Ég er ekki tilbúin til að fara í samband og byrja að búa með einhverjum. Af hverju ætti ég þá að vera spá í því hvort hann sé með öðrum konum?“

Hvað framtíðin ber í skauti sér verður að koma í ljós segir Krístrún. „Við töluðum mikið saman þegar ég var úti í hjá honum í Englandi í vikunni og hann var að ýta undir að það yrði meira eitthvað meira úr þessu hjá okkur,“ segir hún.



EKKI SAMAN Krístrún Ösp og Dwight Yorke eru ekki saman þótt þau hittist reglulega.

STEFÁN MÁNI SIGPÓRSSON: GET EKKI BEÐIÐ EFTIR ÚTKOMUNNI

Hostel-framleiðandi vinnur að íslenskri glæpamynd

Chris Biggs, einn af framleiðendum hryllingsmyndanna Hostel eftir Eli Roth, verður einn af framleiðendum íslensku glæpamyndarinnar Svartur á leik sem byggð er á samnefndri bók Stefáns Mána. Danski kvikmynda-leikstjórinn Nicholas Wind-ing Refn verður einnig einn af framleiðendum myndarinnar en hann er hvað þekktastur fyrir undirheimamyndir sínar Pusher sem nutu mikilla vinsælda hér á landi. Þórir Snær Sigurjónsson hjá ZikZak er náinn vinur Refns en Þórir framleiddi Valhalla-mynd leikstjórans sem skartaði Mads Mikkelsen í aðalhlutverki.

Að sögn Óskars Þór Axelsonar, leikstjóra myndarinnar og handritshöfundarins, er það mikill fengur fyrir myndina að fá þessa tvo aðila til liðs við myndina. „Biggs er mikill Íslandsvinur, kemur hingað reglulega og hreifst af handritinu. Hann hefur sínar hugmyndir um hvernig hún getur verið eins íslensk og mögulegt er,“ segir Óskar þegar Fréttablaðið settist niður með honum og Stefáni Mána. Rithöfundurinn sjálfur var ákaflega spennur fyrir því að sjá bókina lifna við á hvíta tjaldinu og hann er sáttur við handritið. „Það sem mér finnst eiginlega skemmtilegast er að bókin er ekki eins og kvikmyndin og kvikmyndin er ekki eins og bókin. Sá sem hefur lesið bókina er því ekki búin að sjá kvikmyndina og svo öfugt,“ segir Stefán.

Óskar segir stefnt á tókur um miðjan júlí en eins og Fréttablaðið hefur greint frá



SPENNTIR Stefán Máni og Óskar Þór geta vart beðið eftir því að tókur á kvikmyndinni Svartur á leik hefjist. Myndin er gerð eftir samnefndri bók Stefáns en það eru þeir Þorvaldur Davíð og Jóhannes Haukur sem leika aðalhlutverkin.

mun Þorvaldur Davíð Kristjánsson koma beint úr námi sínu við Julliard-skólann í New York og leika aðalhlutverk- ið, sjálfan Stebba Sækó. Jóhannes Haukur Jóhann-

esson mun síðan leika dyravörðinn Tóta, hrottann ógurlega. „Hann þarf að leggja mikið á sig líkamlega, taka vel á því í ræktinni, krúnuraka sig og safna hökutopp. En mér skilst að hann hlakki bara mikið til enda er þetta mesta áskorunin fyrir leikara, að taka svona hlutverk að sér,“ skýtur Stefán inn í en það eru framleiðslufyrirtækin Filmus og ZikZak sem standa að gerð myndarinnar.

FRÉTTIR AF FÓLKI



Það var skammt stórra högga á milli hjá sjónvarpsmanninum **Ómari Ragnarssyni** í fyrirakvöld. Hann kom sér fyrir í sjónvarpsveri Stöðvar 2 Sport og lýsti æsilegum bardaga Wladimirs Klitschko gegn Eddie Chambers

þar sem rothöggið kom fimm sekúndum áður en bardaginn var úti. Ómar hefur væntanlega búist við því að þar með væri dagurinn úti enda komið nálægt miðnætti.

Ómar var hins vegar varla kominn til síns heima en hann var sestur upp í jeppabíreið sína og keyrði ásamt dóttur sinni og fréttamanni RÚV, **Láru Ómarsdóttur**, í átt að Fimmvörðuhálsi þar sem byrjað var að gjósa. Og ævintýrin virtust elta Ómar uppi þetta kvöld því hann aðstoðaði á leið sinni jarðfræðinga sem höfðu komist í hann krappan.



Garðbæingar tryggðu sér sæti í úrslitum Útsvars, spurningakeppni sveitarfélaganna eftir æsispenningi keppni við Fljótdalshérað.

Vilhjálmur Bjarnason sýndi óvænta kunnáttu í páfa-fræðum Vatíkansins þótt hann vildi ekki gefa upp hvaðan sú vitneskja væri komin. Það ræðst síðan í næstu viku hvort það verður Reykjanesbær eða Reykjavík sem mæta Vilhjálm og félögum.



Terminal til Evrópu 24. maí

Önnur plata Hjaltalín, Terminal, kemur út í Evrópu 24. maí með hjálp ýmissa útgáfu- og dreifingarfyrirtækja víða um álfuna. Sveitin er ekki með eiginlegan útgáfusamning erlendis og er því með marga á sínum snærum við að koma sér á framfæri.

„Þetta er eins og gengur og gerist núna á þessum tímum þegar plötusala er svona lítil,“ segir söngvarinn og gítarleikarinn Högni Egilsson. „Maður reynir að gera þetta til að platan sé til alls staðar og fólk geti nálgast hana. Svo spilar maður bara á tónleikum og vonar það besta.“

Þrír aðilar starfa á vegum Hjaltalín í Bretlandi, þar sem einna mikilvægast er að fanga athyglina. Einn bókar tónleika, annar er í samskiptum við dagblöð og sá þriðji reynir að koma sveitinni að í útvarpi.

Högni segir mikilvægt að ýta á alla rétta takka til að ná eyrum almennings. „Þetta snýst um að pota og pota. Stór útgáfufyrirtæki taka ekki bönd nema þau hafi gefið út tvær til þrjár plötur og séu með „nethæp“.

Það eru engir peningar í plötusölu og á endanum þurfa allir að spila músík til að afla sér tekna. Það er erfiðara fyrir bönd að vera bókuð því það eru allir að spila svo mikið.“

Hjaltalín fer í stóra tónleikaferð um Evrópu í haust til að fylgja plötunni eftir auk þess sem einhverjir tónleikar verða haldnir í maí. Tónleikaferð um Bandaríkin er einnig fyrirhuguð í haust en óvíst er hvenær platan kemur út þar í landi.

Umsagnir um Terminal eru væntanlegar í bresku tónlistartímaritunum Q, Mojo og Clash og verður forvitnilegt að sjá hvaða móttökur platan fær. Hún var kjörin besta popplatan á Íslensku tónlistarverðlaunum og var efst hjá tónlistarspekúlöntum Fréttablaðsins yfir bestu plötur síðasta árs.



HÖGNI EGILSSON Hljómsveitin Hjaltalín gefur út plötu sína Terminal í Evrópu 24. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



HILTON HÓTEL
REYKJAVÍK
24 – 26 MARS



MIT GLOBAL STARTUP WORKSHOP 2010

TAKTU ÞÁTT!

“Conquering the Economic Crisis with Innovation, Entrepreneurship and Green Energy”



Dagana 24. - 26. mars nk. fer fram á Íslandi heimspekt frumkvöðlaraðstefna, **MIT Global Startup Workshop** sem skipulögð er af MBA nemendum **Háskólans í Reykjavík** og **MIT háskólans í Boston**.

Um 200 erlendir gestir hafa þegar boðað komu sína til Íslands. Í þeim hópi eru vel þekktir stjórnendur, frumkvöðlar, fjárfestar, nemendur, prófessorar og fulltrúar helstu stuðningsaðila nýsköpunar í heiminum. Meðal lykilfyrirlesara er **Robin Chase**, stofnandi Zipcar sem valin var ein af 100 áhrifamestu einstaklingum í heiminum af TIME Magazine í fyrra.



Um er að ræða einstakan viðburð til að efla tengslanet íslenskra fyrirtækja, hlusta á heimspektta fyrirlesara og taka þátt í líflegum pallborðsumræðum.

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á: www.ru.is/mba/mitgsw

SAMSTARFS- OG STYRKARAÐILAR:

Bergalís Ffr



IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ



HÁSKÓLI ÍSLANDS





Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGFRÆÐIADSTOÐ
ORATORS
félags laganema við
Háskóla Íslands
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð
á bókasöfnum, mán kl. 16 - 18
í dag í Foldasafni Grafarvogi

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stór dagur

Það er stór dagur fram undan hjá **Fríðriki Þór Friðrikssyni** og Margréti Dagmar Éricsdóttur því Sólskinsdregurinn, heimildarmynd þeirra um einhverfan son Margrétar, verður forsýnd í höfuðstöðvum bandaríska sjónvarpsrisans HBO í New York í dag. Myndin hefur fengið enskt nafn og heitir nú A Mother's Courage: Talking Back to Autism.



Áfall

En það verður að teljast eilítið áfall fyrir Fríðrik og Margréti að **Kate Winslet**, Óskarsverðlaunaleikkonan, skuli ekki ætla að mæta en visir.is greindi frá því á föstudagskvöldið. Breska glanstímaritið Ok! greindi upphaflega frá þessu og tengdi fjarveru hennar um leið við skilnað hennar og leikstjórans Sam Mendes en Winslet er sögumaðurinn í ensku útgáfunni. Hins vegar má fastlega reikna með því **Rosie O'Donnell** verði hins vegar meðal gesta en hún hefur séð um að kynna myndina fyrir helstu toppum afþreyingariðnaðarins.



Girnileg staða

Árni Snævarr, áður fréttamaður, hefur starfað fyrir Sameinuðu þjóðirnar í Brussel síðustu ár en virðist farinn að huga að heimferð. Á Facebook-síðu sinni lýsir hann vonbrigðum með að hafa ekki fengið tækifæri til að sækja um starf ritstjóra Kastljóssins. Sigmar Guðmundsson var ráðinn í starfið án auglýsingar. „Grínlaust. Þetta er ein girnilegasta staðan í íslensku fjölmiðlun og mér finnst að það eigi að láta reyna á eitthvað annað en duttlunga,” sagði Árni. Meðal vina Árna sem lýsa óánægju með vinnubrögð við ráðninguna er Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar.



- fgg, pg

Mest lesið VISIR.IS

- 1 Prír flugvellir lokaðir vegna gossins
- 2 Fóru í leyfisleysi á Fimm-vörðuháls og festu sig
- 3 Gosið enn í fullum gangi
- 4 Innanlandsflug liggur niðri til kvölds
- 5 Lögreglan lokaði veitingastað á Laugavegi

Björt framtíð



...fermingargjafir, útiljós, flúrljós, breytiklær, ljósaperur, dyrabjöllur, virar, kaplar, rafhlöður, spennubreytar, borðviftur, raflagnaefni, verkfæri og minni heimilistæki.

Glóey - gerir lífið bjartara

Ármúla 19 · Sími 568 1620 · www.gloey.is

☆ Vatnagarðadagar!

sumarferdir.is

Nú er fjör hjá Sumarferðum!
Við bjóðum viðskiptavinum okkar frítt í glæsilega vatnsrennibrautagarða í Portúgal og Tenerife í sumar ef bókað er frá 20. til 26. mars.

Tryggðu þér miða og bókaðu fyrir 26. mars á sumarferdir.is.

Portúgal (Praia da Rocha) ☆☆☆

Flug og gisting í viku og frír aðgöngumiði í Slide&Splash. frá **79.900 kr.***
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi á Hótel Apartamentos Presidente. Brottför: 10. júní.

Tenerife (Playa de las Americas) ☆☆☆

Flug og gisting í viku og frír aðgöngumiði í Aqualandia. frá **99.900 kr.***
Verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi á Hótel Parque de las Americas. Brottför: 6. júní.

SUMAR FERÐIR

...eru skemmtilegri en aðrar



* Flug, flugvallarskattar, gisting, íslensk fararstjórn og aðgöngumiði í vatnsrennibrautagarða á meðan birgðir endast. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.